## Reikningur 14

yfir tekjur og gjöld fiskimannasjóðs Kjalarnesþings árið 1903.

Tekjur:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. Sjóður við ársbyrjun (Stj.tíð. 1903 B, 49—50 bls.) | | | | |
| a, Veðskuldabrjef | kr. | 4290 00 | | |
| b, bankavaxtabrjef | — | 9000 00 | | |
| c, innstæða í sparisjóði | — | 428 26 | kr. | 13718 26 |
| 2. Afborgun af láni | | | — | 150 00 |
| 3. Vextir: | | | | |
| a, af veðskuldabrjefum | kr. | 168 80 | | |
| b, af bankavaxtabrjefum | — | 405 00 | | |
| c, af sparisjóðsinnstæðu | — | 23 25 | — | 597 05 |
| | | Samtals: | kr. | 14465 31 |

Gjöld:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. Veittur styrkur | | | kr. | 520 C0 |
| 2. Afborgun (tekjul. 2.) | | | — | 150 00 |
| 3. Sjóður við árslok | | | | |
| a, veðskuldabrjef | kr. | 4090 00 | | |
| b, bankavaxtabrjef | — | 9000 00 | | |
| c, sparisjóðsinnstæða | — | 705 31 | — | 13795 31 |
| | | Samtals: | kr. | 14465 31 |

Bæjarfógetinn í Reykjavík 31. desember 1903.

*Halldór Danielsson.*

## Reikningur 15

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs skipstjóra og stýrimanna við Faxaflóa árið 1902.

Tekjur:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. Í sjóði við ársbyrjun | | | kr. | 4330 04 |
| 2. Vextir: | | | | |
| a. Af Söfnunarsjóðsinnlagi fyrir 1902 | kr. | 149 19 | | |
| d. Af sparisjóðsinnlagi fyrir 1903 | — | 22 23 | kr. | 171 42 |
| 3. Árstillög fjelagsmanna (93) | | | — | 186 00 |
| 4. Gjafir | | | — | 40 00 |
| | | | Kr. | 4727 46 |

15 Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Fyrir auglýsingu | kr. | 3 | 60 |
| 2. Styrkur veittur | — | 230 | 00 |
| 3. Í sjóði við árslok | — | 4483 | 86 |
| | Kr. | 4727 | 46 |

Reykjavík 11. janúar 1904.
*Kristinn Magnússon.*

## Embættaskipun, lausn og veiting.

a. Lausn.

13. janúar var sóknarpresti að Mosfelli í Mosfellssveit síra Ólafi Stephensen af landshöfðingja veitt lausn frá fardögum 1904 að telja með eptirlaunum eptir eptirlaunalögunum.

b. Skipun.

18. desbr. var fyrv. sóknarpresti Ólafi Ólafssyni veitt allrahæst staðfesting sem forstöðumanni fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík.

2. janúar var kand. Grímur Jónsson af landshöfðingja settur sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði frá 1. febrúar 1904 að telja.

1. febr. var sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Akureyri Klemens Jónsson settur landritari af ráðherra Íslands frá s. d. að telja.

S. d. voru fyrverandi ritari við landshöfðingjaembættið Jón Magnússon og aðstoðarmaður í hinu ísl. ráðaneyti Jón Hermannsson settir skrifstofustjórar í stjórnarráði Íslands frá s. d. að telja.

Sama dag voru fyrv. umboðslegur endurskoðandi Indriði Einarsson og candidati juris Eggert Claessen, Guðmundur Sveinbjörnsson og Jón Sveinbjörnsson skipaðir hinn fyrnefndi sem fulltrúi og hinir aðstoðarmenn í stjórnarráði Íslands.

Laus embætti,

a. er konungur veitir.

Embættin sem sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði. Árslaun 3500 kr. Auglýst 3. febr. 1904. Umsóknarfrestur til 17. maí 1904.

b. Óveitt prestakall, er ráðherrann veitir.

Mosfell í Mosfellssveit í Kjalarnessþingsprófastsdæmi. (Lágafells- og Brautarholtssóknir). Metið kr. 1234 44 a. Uppgjafaprestur í brauðinu nýtur af því kr. 34,44 til eptirlauna. Veitist frá fardögum 1904. Auglýst 19. janúar. Umsóknarfrestur til 7. marz.